




ERTU AÐ ÍHUGA GJALÐÞROT?

- Að fara í gegnum gjaldþrot mun hafa áhrif á líf þitt, kynntu þér því vel hvað felst í því að verða gjaldþrota.
- Oft er hægt að leysa skuldavanda án gjaldþrots. Umboðsmaður skuldara getur ráðlagt þér hvaða úrræði henti þínu vandamáli og aðstæðum best.
- Ef þú ræður ekki við skuldir þínar og skuldar meira en þú átt getur þú óskað eftir gjaldþrotaskiptum hjá dómstólum.
- Eigir þú ekki fyrir skiptakostnaði er hægt að sækja um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar hjá umboðsmanni skuldara.



HVAÐ ER GJALÐÞROT?

Gjaldþrot felur í sér að andvirði eigna þinna er ráðstafað til að greiða skuldir.

Þú getur krafist gjaldþrotaskipta hjá héraðsdómstól í þínu umdæmi.

Í kröfugerðinni verður þú að krefjast gjaldþrotaskipta á búi þínu. Þar skal koma fram fullt nafn, kennitala og lögheimili þitt, sundurliðaðar upplýsingar um eignir og skuldir ásamt gögnum sem sýna að þú getir ekki staðið í fullum skilum við kröfuhafa.

Dómari verður að samþykkja kröfuna um gjaldþrotaskipti og skipar þá skiptastjóra. Við það missir þú forræði yfir búi þínu og skiptastjórinn mun reyna að koma eignum þínum í verð. Hann mun m.a. selja fasteignir og bifreiðar og verðmæt innbú.

Frá því krafan er samþykkt og þar til gjaldþrotaskiptum lýkur líða að lágmarki þrír mánuðir en það getur tekið lengri tíma.

Þær kröfur sem ekki greiðast við gjaldþrotaskipti fynrast á tveimur árum eftir að gjaldþrotaskiptum lýkur, ef fyrningarfrestur er ekki rofin.

Allar skuldir, svo sem fasteignaskuldir, ógreidd meðlög og námslán, falla undir gjaldþrot.



LÍF EFTIR GJALDÞROT

Það er hægt að byggja upp lánstraust eftir gjaldþrot, en það getur tekið tíma.

Þú berð áfram ábyrgð á greiðslu þeirra skulda sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti þar til skuldarnar eru greiddar eða þær fyrnast.

Skuldarnar sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti fyrnast á tveimur árum frá lokum skiptanna. Fyrningunni verður aðeins slitið með dómi.

Kröfuhafar munu í tvö ár eftir gjaldþrotaskipti kanna hvort þú eigir einhverjar eignir. Ef þú eignast hlut eða réttindi sem hafa fjárhagslegt gildi geta þeir gert fjárnám í þeim.

Innheimtumenn ríkissjóðs, þ.e. Tollstjóri og sýslumenn, mega láta vinnuveitendur draga allt að 75% af launum þínum vegna skulda á þing- og sveitarsjóðsgjöldum.

Innheimtustofnun sveitarfélaga má láta vinnuveitendur draga allt að 50% af launum þínum vegna meðlagsskulda.

Þú mátt búast við því að vera skráð/ur á vanskilaskrá hjá Creditinfo og að bankar merki þig á innri viðskiptavinalistum hjá sér. Lánshæfi þitt mun því minnka, þar til þér hefur tekist að byggja aftur upp lánstraust.

HVER FÆR FJÁRHAGSAÐSTOÐ?

Allir sem krefjast gjaldþrotaskipta þurfa að greiða 15.000 kr. þingfestingargjald. Einnig þarf að leggja fram 250.000 kr. tryggingu vegna skiptakostnaðar.

Til að fá fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar þarftu að:

- Eiga í verulegum greiðsluörðugleikum.
- Geta ekki staðið skil á greiðslu skulda þinna í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Eiga ekki eignir sem standa undir skuldum þínum.
- Geta ekki greitt skiptakostnað þegar litið er til eigna- og skuldastöðu þinnar, ráðstöfunartekna og framfærslukostnaðar.
- Hafa reynt önnur greiðsluvandaúrræði eða umboðsmaður skuldara meti það svo að þau muni ekki leysa greiðsluvanda þinn.

Þú mátt ekki hafa fengið synjun um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara vegna ýmissa atvika sem þú berð sjálfur ábyrgð á. Athugið að þetta á ekki við um allar synjanir um greiðsluaðlögun.



HEFURÐU SKOÐAÐ GREIÐSLUAÐLÖGUN?

Greiðsluaðlögun snýst um að koma á jafnvægi milli skulda- og greiðslugetu með samningi milli skuldara og kröfuhafa. Samningur um greiðsluaðlögun er að jafnaði gerður til eins til þriggja ára.

Ef umsókn þín um greiðsluaðlögun er samþykkt ert þú í greiðsluskjóli þar til samningur kemst á.

Umboðsmaður skuldara greiðir fyrir störf umsjónarmanns sem vinnur að raunhæfum samningi við kröfuhafa fyrir þína hönd.

Ólíkt gjaldprotaskiptum getur þú haldið fasteign þinni og bifreið, ef fasteignin er hófleg og ef þú hefur greiðslugetu til að greiða af henni.

Samningur um greiðsluaðlögun getur falið í sér frestun greiðslna, hlutfallslega eftirgjöf skulda eða algjöra eftirgjöf skulda.

Greiðsluaðlögun tekur ekki til allra skulda. Ekki er t.d. samið um skuldir vegna meðlags, námslána og ákveðinna opinberra gjalda.

Þú getur lesið þér til um greiðsluaðlögun og gjaldprotaskipti á **www.ums.is**

AÐ SÆKJA UM ...

- Ef þú telur þig uppfylla skilyrði fjárhagsaðstoðar vegna skiptakostnaðar getur þú sótt um á heimasíðu umboðsmanns skuldara: www.ums.is
- Með umsókn þarf að fylgja undirritað samþykki þitt fyrir gagnaöflun umboðsmanns skuldara, en kallað verður eftir upplýsingum um allar þínar eignir og skuldir.
- Með umsókn þarf einnig að fylgja greinargerð. Leiðbeiningar um ritun greinargerðar má finna á www.ums.is



**Umboðsmaður
skuldara**